

# D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 20. júní 2017, í máli

nr. S-53/2017:

Ákærvaldið

(Eypór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

Þorleifi Haraldssyni

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní sl., er höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, með ákæru, útgefinni 13. febrúar 2017, á hendur Þorleifi Haraldssyni, kt. 000000-0000, nú til heimilis að ..., Hafnarfirði;

„fyrir líkamsárás og gripdeild með því að hafa föstudagskvöldið 29. apríl 2016, í íbúð brotaþola að ... á Akureyri ráðist að A, kt. 000000-0000, gripið um báða handleggji hennar og ýtt við henni, sparkað í hana og slegið hana með krepptum hnefa í hnakkann og síðan áður en hann yfirgaf íbúð hennar hrifsað með sér fartölvu hennar og farsíma. Afleiðingar þessarar árásar fyrir brotaþola var að hún hlaut mar á framhandleggjum, mar á hægri rist og eymsli yfir háls hryggjartindum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 245. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu gerir A, kt. 000000-0000, ..., Akureyri bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð kr. 400.000, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38, 2001, um vexti og verðtryggingu frá 29. apríl 2016 þar til mánuður er liðinn frá því að krafa þessi er birt ákærða, en síðan dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess er krafist málskostnaðar brotaþola við að halda kröfu sinni fram, sem og öflun gagna, honum að skaðlausu, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Af hálfu dómsins var fyrst gefið út fyrirfall til handa ákærða 17. febrúar sl., og næst þann 22. mars sl., en í hvorugt skiptið tókst birting. Þá var gefið út fyrirfall 5. apríl sl. og var það birt ákærða 19. sama mánaðar, en þar var hann boðaður til þinghalds 24. sama mánaðar. Við þingfestingu málsins nefndan dag sótti ákærði ekki þing og boðaði ekki heldur forföll. Vegna þessa og með vísan til 162. gr. laga nr. 88/2008 var lagt fyrir ákærvald og lögreglu að færa ákærða fyrir dóm.

Ákærði kom fyrir dóminn í fylgd lögreglu þann 3. maí sl. Hann óskaði ekki eftir skipun verjanda. Hann gaf skýrslu um atvik máls en neitaði sök að því er varðaði ætlaða líkamsárás. Af hálfu ákærvalds var í ljósi afstöðu ákærða krafist aðalmeðferðar. Í samráði við sækjanda og ákærða var dagur til aðalmeðferðar ákveðinn 6. júní sl. Sérstaklega var brýnt fyrir ákærða að hann þyrfti að tilkynna um forföll sín ef svo bæri undir. Ennfremur var ákærða leiðbeint um, að ef honum snerist hugur að því er varðaði skipun verjanda, að þá þyrfti hann að gera dómara viðvart. Ákærði boðaði ekki forföll né hafði samband við dóminn og fór aðalmeðferð málsins því fram áðurgreindan dag.

## I.

### Málavextir.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu, frásögn ákærða og framburði vitna, þar á meðal brotþola, eru helstu atvik máls þau að ákærði og brotþoli voru í takmörkuðu netsamskiptum á árinu 2015. Verður helst ráðið að ákærði hafi haft símasamband við brotþola þar sem hún var á heimili sínu að ... á Akureyri, ásamt tveimur stálpuðum börnum fimmtudagskvöldið 27. apríl 2016. Er þetta gerðist var ákærði staddur á Akureyri, en hafði að sögn misst skipspláss sitt. Liggur fyrir að úr varð brotþoli bauð honum næturgistingu á heimili sínu.

Af nefndum gögnum verður helst ráðið að ákærði og brotþoli hafi ásamt fyrrnefndum börnum haldið til á heimili brotþol í um tvo sólarhringa, en að undir lok þeirrar viðveru ákærða hafi komið til þess atgangs sem hér er til umfjöllunar og að ákærði hafi þá farið út af heimilinu en að jafnframt hafi lögreglu verið gert viðvart.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu óskaði brotþoli eftir aðstoð lögreglu að heimili sínu laugardagskvöldið 29. apríl nefnt ár, kl. 21:38. Í tilkynningunni greindi brotþoli frá því að ákærði hefði lagt á sig hendur, en einnig tekið fartölvu og síma hennar, en í framhaldi af því farið af heimilinu. Verður ráðið að fimm lögreglumenn hafi sinnt erindinu og þá þannig að tveir þeirra fóru strax á heimili brotþola, en hinir óku um í lögreglubifreið í nágrenni heimilis hennar.

Samkvæmt nefndri skýrslu staðhæfði brotþoli á vettvangi að skömmu fyrir komu lögreglu hafi hún og ákærði verið að neyta áfengis á heimilinu, en farið að kýta og hún þá skipað honum að yfirgefa heimilið. Hafi ákærði brugðist við þessum tilmælum með því að sparka nokkrum sinnum í líkama brotþola, auk þess sem hann hefði barið hana hnefahöggi í höfuðið, en síðan farið út af heimilinu, en þá haft með sér fartölvu hennar og síma.

Samkvæmt skýrslunni kvartað brotþoli á vettvangi um eymsli í höfði en einnig vegna atgangs ákærða vegna sparka hans. Í skýrslunni er haft eftir dóttur brotþola, sem fædd er árið 1999, að ákærði hafi verið kurteis í framkomu framan af dvöl sinni, en að undir lokin hafi hann verið orðinn æstur. Vegna þess hefði hún ásamt yngri bróður haldið til í herbergi og lokað að sér, en séð, skömmu áður en ákærði fór út, að hann sparkaði í brotþola.

Samkvæmt nefndri lögregluskýrslu og öðrum gögnum var ákærði handtekinn af lögreglu í ..., um 500 m frá heimili brotþola. Greint er frá því að ákærði hafi framvísað fartölvu og farsíma, og af því tilefni í fyrstu haft á orði að hann hefði tekið munina í misgripum, en síðan leiðrétt þá frásögn og viðurkennt að hafa tekið fartölvuna ófrjálsri hendi. Greint er frá því að ákærði hafi er þetta gerðist verið ölvaður, en einnig í æstu skapi. Tekið er fram að ákærði hafi róast um síðir og hafi honum þá verið leyft að fara frjálsum ferða sinna. Fram kemur að ákærði hafi nokkru síðar komið á lögreglustöðina og fengið gistingu að eigin ósk, en hann hafi verið heimilislaus á Akureyri.

Fyrir liggur að fyrrgreindum munum var skilað til brotþola.

Í málinu liggur fyrir áverkavottorð, sem ritað er af B, forstöðulækni bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri, en þar um er vísað til sjúkraskrár. Í upphafsorðum vottorðsins segir að brotþoli hafi komið á sjúkrahúsið þann 30. apríl 2016, kl. 12:04, og lýst því að hún hefði orðið fyrir harðræði á heimili sínu kvöldið áður, af völdum kunningja sem þar hefði verið í heimsókn. Hefði hann hrint henni til, en jafnfram sparkað í hana. Í vottorðinu segir að brotþoli hafi verið þreifí aum yfir háls hryggjartindum og að á framhandleggjum beggja vegna hefði mátt sjá tvo marbletti, en einnig hafi hún verið með mar framarlega á hæ rist yfir tá. Í vottorðinu er vísað til mynda um hina sýnilegu áverka, en þær eru á meðal gagna málsins. Í lokaorðum vottorðsins segir yfirlæknirinn: „*Að vanda bendi ég á það að þótt skrokkskjóður af þessu tagi grói á nokkrum dögum eða fáum vikum, taka líkamsárásir oft meira á sál en líkama.*“

Samkvæmt rannsóknargögnum lagði brotþoli, A, fram formlega kæru á hendur ákærða á lögreglustöðinni á Akureyri, mánudaginn 9. maí 2016 og gaf þá jafnframt skýrslu um atvik máls. Við áframhaldandi rannsókn lögreglu var tekin skýrsla af ákærða á lögreglustöðinni á Suðurnesjum þann 1. september sama ár, en áður hafði verið tekin skýrsla í gegnum síma af systur brotþola, D, sem er búsett í sama fjölbýlishúsi og stigahúsi og brotþoli, þann 10. maí nefnt ár. Loks var tekin skýrsla af fyrrnefndri dóttur brotþola, þann 18. desember sama ár.

Á meðal rannsóknargagna lögreglu er bótakrafa, sbr. áðurrakin einkaréttarkrafa, sem lögmaður hennar ritaði og dagsett er 27. október 2016. Verður ráðið að bótakrafan hafi fyrst verið birt ákærða á fyrrnefndu dómþingi, þann 3. maí sl.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að viðvera hans og gisting á heimili brotþola hefði verið tilfallandi og í boði hennar. Ákærði lýsti atvikum máls svo að hann hefði verið sofandi í íbúðinni þegar brotþoli hefði vakið hann eftir nokkurra klukkustunda svefn og hann því ekki verið ölvaður. Ákærði staðhæfði að þegar þetta gerðist hefði brotþoli verið ölvað, í erfiðu og æstu skapi og hefði hún vísað honum á dyr. Ákærði staðhæfði að hann hefði ekki tekið skipun brotþola illa og í

raun verið á leiðinni út úr íbúðinni þegar til atgangs hafi komið þeirra í millum. Hann kvaðst þannig hafa staðið við útihurðina, en brotaþoli verið nærri. Við þessar aðstæður hefði fokið í hann og hann þá stjakað brotaþola frá, en án þess þó að valda henni áverkum. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa gripið til brotaþola eða að hún hefði fallið við vegna þessa. Fyrir dómi var ákærða sérstaklega kynnt framburðarskýrsla hans hjá lögreglu. Í framhaldi af því játaði ákærði að hafa sparkað í rassinn á brotaþola, en sem fyrr andmælti hann því að hafa valdið brotaþola áverkum og þá ekki þeim sem sjá má á fyrrgreindum ljósmyndum Sjúkrahússins á Akureyri. Ákærði hafnaði bótakröfu brotaþola.

Fyrir dómi játaði ákærði skýlaust að hafa hrifsað fartölvu og farsíma brotaþola er hann yfirgaf íbúð brotaþola í greint sinn. Hann skýrði þær gjörðir sínar þannig að brotaþoli hefði komið illa fram við hann og hann því verið pirraður.

Brotaþoli bar fyrir dómi að hún hefði í raun lítið þekkt til ákærða er atvik máls gerðust. Hún kvaðst hafa aumkað sig yfir hann þar sem hann hefði verið heimilislaus og því boðið honum gistingu. Hún kvað ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, en hún kvaðst á meðan á dvöl hans stóð hafa keypt fyrir hann einn bjórkassa. Hún kvað ákærða hafa verið ölvaðan allan þann tíma sem hann dvaldi á heimili hennar, og bar að hann hefði aðallega haldið til í stofunni, en einnig í svefnherbergi hennar.

Um atvik máls, föstudagskvöldið 29. apríl nefnt ár, var það ætlan brotaþola að atgangur ákærða hefði hafist nærri miðnætti og áréttaði að hann hefði þá verið ölvaður. Hún kvaðst sjálf fyrr um kvöldið hafa drukkið einn til tvo bjóra og því fundið til áfengisáhrifa. Brotaþoli bar að við lýstar aðstæður hefði ákærði skyndilega tryllst að ástæðulausu og m.a. viðhaft mjög ljót orð um hana. Vegna þessa hefði hún lýst þeim vilja sínum að ákærði færi út úr íbúðinni, en þar um vísaði hún til þess að börn hennar hefðu verið orðin mjög hrædd og haldið sig í lokuðu herbergi. Hún kvaðst í framhaldi af þessu hafa reynt að koma ákærða út en hann þá brugðist við og sparkað í mjöðm hennar og hún þá farið upp að vegg. Vegna þessa athæfis kvaðst hún hafa fengið höfuðverk og vankast, en einnig fengið þá áverka sem greint er frá í áðurröktu læknisvottorði. Brotaþoli áréttaði að hún hafi reynt að ýta ákærða að útihurðinni, og bar að hann hefði að lokum rokið út á svalir og náð í bjórinn, en í framhaldi af því tekið tölvu hennar og síma og farið út úr íbúðinni.

Brotaþoli áréttaði að hún hefði fengið lýsta áverka sína forstofunni vegna atgangs ákærða. Brotaþoli staðhæfði að hún væri enn undir læknishendi vegna greinds atburðar.

Vitnið E, dóttir brotaþola, kveðst hafa verið á nefndu heimili, ásamt þrettán ára bróður sínum er atvik máls gerðust, um kl. 22:00 umrætt kvöld. Hún kvað ákærða hafa dvalið á heimilinu í um tvo sólarhringa. Hún kvað að upphafið að atganginum hefði verið með þeim hætti að ákærði og móðir hennar hefðu farið að rífast. Vegna þessa kvaðst hún hafa farið með bróðir sinn inn í herbergi og lokað.

Er atvik gerðust kvað hún ákærða og móður hennar hafa verið ölvuð, en aðspurð treysti hún sér ekki til að segja nánar til um hver var ástæða ágreinings þeirra. Hún kvaðst lítillaga hafa náð að fylgjast með atganginum í gegnum skráargat og þannig séð að ákærði sparkaði í móður hennar í forstofunni þannig að hún kastaðist til. Er þetta gerðist kvað hún móður sína hafa verið að reyna að koma ákærða út úr íbúðinni. Hún sagði að móðir hennar hefði eftir þennan atburð kvartað um verki í höfði og fótum, en af þeim sökum hefði hún farið á Sjúkrahúsið á Akureyri. Hún ætlaði að móðir hennar hefði náð líkamlegum bata, en ekki andlegri heilsu eftir þennan atburð.

Vitnið D, sem er systir brotþola og er búsett í sama stíga húsi, en á annarri hæð, kvaðst umrætt kvöld hafa orðið vör við umgang, en veitt því eftirtekt að lögreglan kom á vettvang. Vegna þessa kvaðst hún hafa gætt að málum og skömmu síðar séð að brotþoli var í miklu uppnámi, einnig undir áhrifum áfengis, en alls ekki verið ölvuð. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð ákærða í máli þessu.

Vitnið F lögreglumaður, kvaðst umrætt kvöld hafa séð til ferða ákærða þar sem hann var á gangi í ..., u.þ.b. hálfan kílómetur frá heimili brotþola. Vitnið bar að ákærði hefði verið handtekinn vegna gruns um þjófnað á áðurgreindum munum brotþola og bar að hann hefði verið ölvuður og í mjög æstu skapi. Vitnið sagði að ákærði hafi í fyrstu haldið því fram að hann hefði tekið síma brotþola í misgripum, en það kvaðst síðar hafa veitt því eftirtekt að ekki var sami litur á síma ákærða og á nefndum síma. Vitnið sagði að ákærði hefði einnig framvísað fartölva brotþola. Vitnið sagði að ákærði hefði í fyrstu færst undan að taka umrædda muni úr tösku sinni.

Vitnið greindi frá því að eftir lýst afskipti af ákærða hefði það farið á heimili brotþola. Vitnið sagði að brotþoli hefði verið í miklu uppnámi og kvartað um eymsli í hnakka og á baki eða mjöðm og borið að áverka sína hefði hún hlotið í viðskiptum sínum við ákærða. Vitnið kvaðst hafa fundið smá áfengislykt af brotþola, en sagði að frásögn hennar hefði verið greinargóð miðað við aðstæður. Vitnið kvaðst enga sýnilega áverka hafa séð á brotþola í greint sinn.

## II.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust játað gripdeild á þeim munum sem lýst er í ákæru. Ákærði játar einnig að hafa að ýtt við brotþola og að hafa sparkað í afturhluta hennar og að það athæfi hafi hann viðhaft undir lok dvalar hans í íbúð hennar. Hann neitar á hinn bóginn að vera valdur að þeim áverkum sem hún hefur borið um.

Í áðurröktu áverkavottorði er lýst áverkum brotþola skömmu eftir lýstum samskiptum hennar við ákærða.

Að mati dómsins er frásögn lögreglumanns, en einnig dóttur brotþola framburði hennar til styrktar. Þá verður ekki fram hjá því horft að ákærði var undir talsverður áfengisáhrifum er atvik máls gerðust og þykir frásögn hans bera þess

merki.

Að ofangreindu virtu er að álitni dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi í greint sinn veist að brotþola í íbúð hennar og þá með því að sparka í líkama hennar og ýta við henni þannig að hún hrökklaðist til og þá með þeim afleiðingum sem lýst í nefndu vottorði. Gegn neitun ákærða og að virtum gögnum hefur ákærvaldið að álitni dómsins hins vegar ekki sannað að hann hafi slegið brotþola með krepptum hnefa í hnakkann er atvik máls gerðust og ber því að sýkna hann af þeirri háttsemi.

Að ofangreindu virtu er ákærði sannur að sök um líkamsárás og gripdeild og er háttsemi hans því rétt heimfærð 1. mgr. 217. gr. og 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### III.

Ákærði, sem er fæddur 1974, hefur samkvæmt sakavottorði áður sætt refsingum. Hann var þannig í þriggja árunum 2011, 2014 og 2015, dæmdur fyrir umferðarlagabrot, þar á meðal fyrir ítrekaðan ölvunarakstur. Vegna þessa var hann dæmdur til tímabundinnar fangelsisvistar, en einnig til að greiða sektir til ríkissjóðs. Að auki var hann sviptur tímabundið ökurétti. Síðast var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness, þann 9. júní 2016, í þriggja mánaða fangelsi fyrir ölvunar- og sviptingarakstur, en einnig var hann þá sviptur ökurétti ævilangt.

Brot ákærða í máli þessu var framið 29. apríl 2016 og er því um hegningarauka að ræða, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 við fyrrnefndan dóm frá árinu 2016. Með hliðsjón af þessu og að virtum ákvæðum 1. tl. 70. gr. og 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða nú hæfilega ákveðin fjögurra mánaða fangelsi. Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um ofbeldis- eða auðgunarbrot. Þykir því fært að skilorðsbinda refsingu hans með þeim hætti sem í dómsorði greinir.

Andrés Már Magnússon hdl. hefur fyrir hönd brotþola, A lagt fram skaðabótakröfu á hendur ákærða, sbr. áðurrakta einkaréttarkröfu, en krafan er dagsett 27. október 2016. Krafist er miskabóta að fjárhæð 400.000 krónur, en einnig er gerð krafa um málskostnað, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Krafan er rökstudd í greinargerð, þ. á m. fyrir dómi, en um lagarök er vísað til 26. gr. laga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttar. Er því haldið fram að brotþoli hafi liðið líkamlegar þjáningar vegna athæfis ákærða, en þó sérstaklega sálarlegar. Enginn gögn fylgja þó um þennan síðari þátt, fyrir utan áðurrakið læknisvottorð.

Eins og áður var rakið mótmælti ákærði bótakröfunni fyrir dómi.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola. Ber hann bótaábyrgð samkvæmt hinni almennu sakareglu skaðabótaréttarins á tjóni brotþola. Verður því fallist á að ákærði greiði brotþola miskabætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 um skaðabætur.

Að öllu ofangreindu virtu þykja bætur til handa brotþola hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Ennfremur þykir brotþoli eiga rétt á að fá greiddan kostnað sem

hún hefur orðið fyrir við að halda kröfu sinni fram, sem þykir hæfilega ákvarðaður, 93.000 krónur og er þá meðtalinn virðisaukaskattur.

Mál þetta flutti Eypór Þorbergsson, fulltrúi af hálfu ákærvalds. Ólafur Ólafsson kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð**

Ákærði, Þorleifur Haraldsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þrem árum frá uppsögu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1995.

Ákærði greiði A 250.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 29. apríl 2016 til 3. júní 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði sakarkostnað brotaþola að fjárhæð 93.000 krónur.

Ólafur Ólafsson

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði að viðstöddum sækjanda, Eypóri Þorbergssyni fulltrúa og er honum afhent afrit dómsins. Andrés Már Magnússon hdl. lögmaður brotaþola boðaði lögmat forföll.

Dómurinn verður sendur embætti lögreglustjóra til tíðkanlegrar birtingar fyrir dómþola.

Dómpingi slitið.

Ólafur Ólafsson